Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Til bæjarráðs Kópavogsbæjar/ umsögn

Kópavogi, 2. nóvember 2023
1906459/103.04 AKG

Efni: Minnisblað um styrki til félaga og félagasamtaka til greiðslu fasteignaskatts

Á fundi bæjarráðs þann 13. júní 2019 var bæjarritara falið að taka saman minnisblað um styrki til félaga og félagasamtaka til greiðslu fasteignaskatta af fasteignum þar sem fram fer starfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni. Í umsögninni skyldu koma fram styrkupphæðir undanfarinna ára og hvernig fyrirkomulagi væri háttað í öðrum sveitarfélögum. Tilefnið var endurskoðun reglna um styrki til greiðslu fasteignaskatts hjá Kópavogsbæ í ljósi þess að um verulegar fjárhæðir væri orðið að ræða í bókhaldi bæjarins og að bærinn væri mögulega að ganga lengra en mörg önnur sveitarfélög. Umsögnin var lögð fram í bæjarráði þann 7. júlí 2019 og til stóð að endurvekja málið í mars 2020 skv. rekjanlegum gögnum í mála- og skjalakerfi bæjarins, en málið dagaði uppi.

Þann 23. janúar 2007 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs reglur um styrkveitingar til félaga og félagasamtaka til greiðslu fasteignaskatts af fasteignum þar sem fram fer starfsemi sem er ekki rekin í ágóðaskyni. Reglurnar eru settar með heimild í 2. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 sem kveður á um að sveitarstjórn sé heimilt að veita styrki til greiðslu fasteignaskatts. Samkvæmt reglunum geta félög og félagasamtök sem eru fasteignaeigendur í Kópavogi sótt um styrk til greiðslu fasteignaskatts ef í húsnæðinu fer aðeins fram starfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni, svo sem menningar-, íþrótta-, æskulýðs- og tómstundarstarfsemi eða mannúðarstörf. Þá er það skilyrði að húsnæði sé ekki notað til annarra nota en að framan greinir (s.s til veitinga- eða verslunarreksturs), að öðrum kosti skuli styrkur veittur í réttu hlutfalli við slík not, sbr. einnig 3. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá árinu 2018 hefur Kópavogsbær veitt styrki til greiðslu fasteignaskatta fyrir rúmlega 164 milljónir króna. Meðfylgjandi tafla sýnir styrkupphæðir undanfarin fimm ár. Nokkur félög og félagasamtök fá niðurfelldan fasteignaskatt á grundvelli sérstaks samnings við Kópavogsbæ og þurfa þ.a.l. ekki að skila inn formlegri umsókn árlega.[1]

2018	24.882.591 kr
2019	34.201.890 kr
2020	31.204.434 kr
2021	38.011.833 kr
2022	36.090.234 kr
	164.390.982 kr

[1] Ungmennafélagið Breiðablik, Sprettur fasteignafélag, skógræktarfélag Kópavogs, hjálparsveit skáta í Kópavogi og skátafélagið Kópar.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Um helmingur sveitarfélaga hafa sett sér reglur um styrki til greiðslu fasteignaskatts af fasteignum í eigu félaga og félagasamtaka þar sem fram fer starfsemi sem er rekin án hagnaðarsjónarmiða eða alls 30 sveitarfélög af 64 eftir því sem undirritaðar komast næst. Má þar nefna 24 af 30 sveitarfélögum landsins með fleiri en 1000 íbúa. Þar af hafa öll sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu sett sér slíkar reglur nema Reykjavík. Borgarráð Reykjavíkur samþykkti árið 2004 að ekki skyldu veittir styrkir til niðurfellingar eða lækkunar fasteignaskatta og árið 2010 áréttaði borgarráð fyrri samþykkt sína um málið og samþykkti breytingar á styrkjareglum Reykjavíkurborgar þar sem fram kemur að styrkir séu ekki veittir til greiðslu fasteignaskatta. Á hinn bóginn tíðkast að sótt sé um styrki úr borgarsjóði til starfsemi slíkra félaga, sem ætla má að sé ráðstafað að einhverju leyti til greiðslu á fasteignagjöldum. Markmið styrkveitinga úr borgarsjóði er að styrkja og efna til samstarfs við félagasamtök, fyrirtæki og einstaklinga um uppbyggilega starfsemi og þjónustu í samræmi við stefnumörkun, áherslur og forgangsröðun borgaryfirvalda. Í reglunum kemur skýrt fram að styrkir séu ekki veittir sérstaklega til greiðslu fasteignaskatts, en geta verið hvort sem er til einstakra verkefna eða til rekstrar starfseminnar sem fyrr segir.

Reglurnar eru nokkuð sambærilegar á milli sveitarfélaga, en misítarlegar þó og þá geta styrkupphæðir verið mismunandi. Í öllum tilvikum er gerð krafa um að félög séu þinglýstir eigendur þeirra fasteigna sem sótt er um styrk vegna. Þó veitir eitt sveitarfélag jafnframt styrk ef félög eru leigjendur skv. þinglýstum húsaleigusamningi til a.m.k. eins árs ef í samningnum kemur fram að félagið skuli greiða fasteignagjöld af hinu leigða húsnæði.

Meirihluti sveitarfélaga sem sett hafa sér reglur um styrkveitingar til greiðslu fasteignaskatts veita styrk til greiðslu alls álagðs fasteignarskatts. Mörg þessara sveitarfélaga eru þó með mun þrengri reglur en Kópavogsbær þar sem fullur styrkur er sjaldnast veittur þar sem þau undanskilja alveg þann hluta húsnæðis sem nýttur er til annars en meginstarfsemi félags eða félagasamtaka tiltekur, undir veitinga- eða verslunarrekstur eða er í útleigu. Hér undir fellur útleiga á félagsheimilum eða veislusölum undir veislur sem félög hafa leigutekjur af. Kópavogsbær hefur veitt styrk fyrir mismun leigutekna og álagðs fasteignaskatts. Sum sveitarfélög eru með reglur um hámarksstyrk á ári til félaga (frá 124.000-130.000 kr.) á meðan önnur veita einungis hlutfallslegan styrk af álögðum fasteignaskatti, og geta styrkir numið allt frá 30% upp í 78% af álögðum fasteignaskatti fasteignar. Einhver sveitarfélög (Fjarðabyggð) veita einungis styrki að hámarki í 5 ár fyrir hverja fasteign. Hjá enn öðrum sveitarfélögum er fyrirkomulag styrkja í formi greiðslu sem nemur mismun á álagningu fasteignaskatts sem er lagður á atvinnuhúsnæði í eigu félaga og félagasamtaka og álagningu á viðkomandi húsnæði ef það væri íbúðarhúsnæði, félög greiða því fasteignaskatt af húsnæðinu eins og um íbúðarhúsnæði væri að ræða. Þá er um helmingur sveitarfélaga sem veita ekki styrk ef starfsemin nýtur rekstrarstyrkja frá sveitarfélagi eða ígildi þeirra (til að tryggja að styrkur sé ekki tvígreiddur). Kópavogsbær er t.a.m. ekki með þannig ákvæði í sínum reglum og greiðir styrki til greiðslu fasteignaskatts til fjölmargra félagasamtaka sem einnig fá rekstrarstyrk frá bænum.

Þá gera allar reglurnar ráð fyrir að félög þurfi að skila inn rekstraryfirliti, skattframtali eða ársreikningi, undirrituðu af löggiltum endurskoðanda, svo umsókn sé tekin gild. Í flestum tilvikum er jafnframt gerð krafa um að lög eða samþykktir félagsins þar sem fram komi markmið og tilgangur þess fylgi umsókn, auk stuttrar greinargerðar um starfsemina og notkun húsnæðis. Eitt sveitarfélag gerir jafnframt kröfu um að félög séu með skráð lögheimili

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

í fasteigninni þar sem rekstur starfseminnar fer fram. Í reglum þó nokkurra sveitarfélaga er kveðið á um að þær umsóknir einar séu gildar sem berast innan tilsetts umsóknarfrests og þá hafa þónokkur sveitarfélög falið tilteknum starfsmönnum fullnaðarafgreiðslu mála skv. reglunum og eru umsóknir því ekki lagðar fyrir sveitarstjórn.

Virðingarfyllst,

Anna Kristín G.
Anna Kristín Guðmundsdóttir
lögfræðingur

Eva Kolbrún Birgisd.
Eva Kolbrún Birgisdóttir
fulltrúi bæjarlögmanns

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026